

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2021 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn og nr. 275/2021 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingólf Friðriksson, Ernu Sigríði Hallgrímsdóttur, Jóhönnu Bryndísi Bjarnadóttur og Sigríði Eysteinsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Sigríði Rafnar Pétursdóttur frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og Sigurjón Ingvason frá Fjarskiptastofu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirfarandi ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar:

1. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2021 frá 24. september 2021 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1971 frá 11. desember 2018 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) og stofnun til að styðja við BEREC-hópinn (BEREC-skrifstofu), um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/2120 og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1211/2009.
2. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 275/2021 frá 24. september 2021 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið).

Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 7. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Gísli Rafn Ólafsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkuð álitum þessu.

Alþingi, 25. apríl 2022.

Njáll Trausti Friðbertsson,
frsm.

Diljá Mist Einarsdóttir.

Jakob Frímann Magnússon.

Jóhann Friðrik Friðriksson.

Logi Einarsson.

Steinunn Þóra Árnadóttir.